

**Ed.**

**939. Nefndarálit**

[279. mál]

um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað til viðræðna eftirtalda aðila: Ólaf Davíðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhannes Nordal og Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka, Finnboga Jónsson frá iðnaðarráðuneyti, Ólaf Pétursson frá Heilbrigðiseftirliti, Hörð Jónsson, Iðntæknistofnun, Svavar Jónatansson, Almennu verkfræðistofunni, Jón Gauta Jónsson frá Náttúruverndarráði og Jón Sigurðsson frá Járnblendifélaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum. Stefán Jónsson ritar undir nefndarálit með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 7. maí 1982.

Davíð Aðalsteinsson,  
form.  
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Egill Jónsson,  
frsm.  
Stefán Guðmundsson.

Stefán Jónsson,  
með fyrirvara.  
Gunnar Thoroddsen.